

Fjallskilaseðill

Vatnsnesinga haustið 2012

Göngur fari fram laugardaginn 15. september 2012.

Þorgrímsstaðadal smali 5 menn undir stjórn Lofts Guðjónssonar á Ásbjarnarstöðum.

Í þær göngur leggi til;

Loftur Ásbjarnarstöðum 3 menn, Þorbjörg og Óskar Þorgrímsstöðum 2 menn. Smalað verður norður og réttað á Ásbjarnarstöðum.

Útfjallið smali 13 menn undir stjórn Benedikts á Bergstöðum.

Í þær göngur leggi til;

Benedikt Bergstöðum 5 menn, Þormóður Sauðadalsá 4 menn, Ellert Sauðá 4 menn.

Miðpart fjallsins smali 17 menn undir stjórn Herdísar í Grafarkoti.

Í þær göngur leggi til;

Ellert Sauðá 1 mann, Þormóður Sauðadalsá 1 mann, Jón Loftur Kárustöðum 2 menn, Kolbrún Stella Lindarbergi 1 mann, Jón Hilmar Grænahvammi 1 mann, Guðmundur Helguhvammi 2 menn, Magnús Helguhvammi 3 menn, Pálmi Syðri-Völlum 1 mann, Indriði Grafarkoti 5 menn.

Fremsta hluta fjallsins smali 7 menn undir stjórn Halldórs í Vatnshól.

Í þær göngur leggi til;

Halldór Vatnshól 4 menn, Rúnar Vatnshorni 3 menn.

Smalað verður austur og réttað á Neðra-Vatnshorni.

Til að hirða fé í Þverárrétt leggi til;

Loftur Ásbjarnarstöðum 2 menn og hafi annar þeirra umsjónina. Fé sem kemur fyrir í Þverárrétt verður skilið eftir í Helguhvammi og Hamarsrétt.

Til að vakta safnið meðan réttað er í Hamarsrétt, leggi til;

Hjálmar frá Bergstöðum 2 menn.

Marklýsingarmenn í Hamarsrétt;

Ellert Sauðá og Halldór Vatnshól

Réttarstjórn í Hamarsrétt; Þormóður Ingi Heimisson, Sauðadalsá.

Almenn skyldusmölun verður í október, nánar auglýst síðar. Ekki er gert ráð fyrir eftirleit, en metið verður seinna í haust hvort þörf er á því.

Gangnamat	kr. 3.500,-
Gangna- og réttarstjórn	kr. 2.500,-
Vakta safnið	kr. 950,-
Marklýsing	kr. 300,-
Þverárrétt	kr. 4.500,-
Eftirleit	kr. 2.000,-

Fjallskilagjald á kind kr. 60,-

Skyldusmölun á hrossum verður laugardaginn 3. nóvember 2012.

Melavegur 1 Hvt. 02. september 2012.

Loftur Sv. Guðjónsson
Halldór Líndal Jósafatsson
J. Óskar Sigurbjörnsson.